

SKÝRSLA FLUGRÁÐS

Apríl 2009

Gunnlaugur S. Stefánsson, formaður
Gísli Baldur Garðarsson, varaformaður
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Árni Gunnarsson
Jens Bjarnason
Lárus Atlason
Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, ritari

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1.0 Skipan flugráðs	4
2.0 Helstu mál á dagskrá flugráðs.....	4
3.0 Bókanir flugráðs.....	5
3.1 Á 1536. fundi flugráðs 20. desember 2007.....	5
Tillaga til samgönguráðherra. Varðandi að flugmál verði felld undir tilskipun ESB nr. 87/2003 um útstreymi gróðurhúsalofttegunda í flugi.....	5
3.2 Á 1538. fundi flugráðs 26. mars 2008	5
a) Flugráð samþykkti eftirfarandi bókun varðandi samgöngumiðstöð við Reykjavíkflugvöll:.....	5
b) Flugráð samþykkti eftirfarandi umsögn um Þskj. 750-471:.....	6
c) Flugráð samþykkti eftirfarandi umsögn um mikilvægi þess að héraendis séu reknir millilandaflugvellir:.....	6
3.3 Á 1543. fundi flugráðs 18. nóvember 2008.....	6
Flugráð samþykkti eftirfarandi ályktun um rekstur og fjárhagsstöðu Flugmálastjórnar Íslands:.....	6
3.4 Á 1546. fundi flugráðs 25. mars 2009	7
Bókun vegna tilskipunar ESB um losunarheimildir CO2.....	7
3.5 Á 1547. fundi flugráðs 02. apríl 2009.....	8
Bókun flugráðs um “Verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009-2012”.	8
4.0 Dagskrárliðir á 1533. – 1548. fundum flugráðs.....	8
4.1 1533. fundur flugráðs, 10. október 2007.....	8
4.2 1534. fundur flugráðs 17. október 2007.....	9
4.3 1535. fundur flugráðs 19. nóvember 2007.....	9
4.4 1536. fundur flugráðs 20. desember 2007.....	9
4.5 1537. fundur flugráðs 5. febrúar 2008.....	9
4.6 1538. fundur flugráðs 26. mars 2008.....	9
4.7 1539. fundur flugráðs 6. maí 2008.....	9
4.8 1540. fundur flugráðs 22. maí 2008.....	10
4.9 1541. fundur flugráðs 23. september 2008.....	10
4.10 1542. fundur flugráðs 4. nóvember 2008 haldinn á Akureyrarflugvelli.....	10
4.11 1543. fundur flugráðs 18. nóvember 2008.....	10

4.12	1544. fundur flugráðs 18. desember 2008.	10
4.13	1545. fundur flugráðs 17. febrúar 2009 haldinn á Keflavíkurflugvelli.....	10
4.14	1546. fundur flugráðs 25. mars 2009.....	11
4.15	1547. fundur flugráðs 02. apríl 2009.	11
4.16	1548. fundur flugráðs 28. apríl 2009.	11

1.0 Skipan flugráðs

Nýtt flugráð var skipað af samgönguráðherra á haustdögum 2007 og var fyrsti fundur þessa flugráðs haldinn 10. október það sama ár.

Skipaðir flugráðsmenn voru;

Gunnlaugur S. Stefánsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Gísli Baldur Garðarsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar, Margrét Kristín Helgadóttir, skipuð án tilnefningar, Árni Gunnarsson, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, Jens Bjarnason, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, Helgi Hilmarsson, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar.

Á fyrsta fundi ársins 2008 urðu breytingar á skipan flugráðs en þá lét Margrét Kristín Helgadóttir af störfum samkvæmt eigin ósk. Kristján Sveinbjörnsson eini varamaður flugráðs sat því fyrir hennar hönd þar til Jóna Kristín Þorvaldsdóttir var skipuð af samgönguráðherra í hennar stað auk þess sem Lárus Atlason tók sæti Helga Hilmarssonar.

Flugráð er því í dag skipað eftirfarandi mönnum:

- Gunnlaugur S. Stefánsson, formaður, skipaður án tilnefningar,
- Gísli Baldur Garðarsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar,
- Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, skipuð án tilnefningar,
- Árni Gunnarsson, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
- Jens Bjarnason, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
- Lárus Atlason, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar.
- Kristján Sveinbjörnsson, varamaður, skipaður án tilnefningar

2.0 Helstu mál á dagskrá flugráðs

Flugráð undir forystu Gunnlaugs S. Stefánssonar hefur haldið 16 fundi, fjóra fundi á árinu 2007, átta fundi á árinu 2008 og fjóra fundi á árinu 2009.

Fundir flugráðs eru haldnir í húsakynnum Flugmálastjórnar Íslands að Skógarhlíð 12 í Reykjavík. 1542. fundur flugráðs var haldinn á Akureyrarflugvelli og 1545. fundur flugráðs var haldinn á Keflavíkurflugvelli.

Samgönguráðherra sat fyrsta fund ráðsins þann 1533. sem og 1544. fund flugráðs þann 18. desember 2008.

Stýrihópur um útblásturskvóta í fugi var skipaður af samgönguráðherra í kjölfar bókunar á 1536. fundi flugráðs.

Stofnun Keflavíkurflugvallar ohf.

Rekstur Flugstoða ohf.

Rekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Málefni Reykjavíkurlugvallar og bygging Samgöngumiðstöðvar.

Reglugerðir og lagafrumvörp til umsagnar.

3.0 Bókanir flugráðs

3.1 Á 1536. fundi flugráðs 20. desember 2007.

Tillaga til samgönguráðherra. Varðandi að flugmál verði felld undir tilskipun ESB nr. 87/2003 um útstreymi gróðurhúsalofttegunda í flugi.

Á fundi flugráðs þann 20. desember 2007 voru lagðar fram ýmsar upplýsingar um væntanlega tilskipun ESB að fella flugmál undir tilskipun um útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Ennfremur komu fram upplýsingar um útstreymi frá flugvélum hérlendis og rætt var um hugsanleg áhrif á flugsamgöngur til og frá landinu.

Mikilvægt er að lagt verði mat á hvaða samfélagsleg áhrif tilskipunin hafi hérlendis, á flutninga til og frá landinu, flugfargjöld, flugrekstur, ferðapjónustu, byggðamál, neytendur og þar með á efnahagslíf Íslendinga. Kanna verði sérstaklega lagalega stöðu tilskipaninnar í ljósi samningsins um evrópska efnahagssvæði og hvort hún raski samkeppnisstöðu.

Sérstaða Íslands er ótvíræð hvað varðar flugsamgöngur í Evrópu og því mjög brýnt að áhrifin af tilskipuninni verði metin eins ítarlega og kostur er.

3.2 Á 1538. fundi flugráðs 26. mars 2008

a) Flugráð samþykkti eftirfarandi bókun varðandi samgöngumiðstöð við Reykjavíkurlugvöll:

Flugráð hefur á síðustu fundum sínum rætt ítarlega málefni Reykjavíkurlugvallar og samþykkir eftirfarandi bókun:

Mikilvægt er að samkomulag á milli ríkis og borgar takist sem fyrst um byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurlugvöll svo eðlilegt starfsumhverfi skapist um innanlandsflugið sem tryggi m.a. samkeppni á flugleiðum, trausta þjónustu og öryggi við farþega og starfsfólki góðar vinnuaðstæður. Alþingi hefur ákveðið að verja til þess fjármunum.

Ef ekki næst samkomulag um framkvæmdina innan skamms er ljóst að ráðist verði í byggingu flugstöðvar þar sem nú er aðstað Flugfélags Íslands.

b) Flugráð samþykkti eftirfarandi umsögn um Þskj. 750-471:

Umsögn frá flugráði um Þskj. 750 – 471. mál. Frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.)

Flugráð hefur fylgst með undirbúningi málsins og fjallað um frumvarpið. Ekki eru gerðar athugasemdir við efni þess og styður flugráð að það verði að lögum.

c) Flugráð samþykkti eftirfarandi umsögn um mikilvægi þess að hérlandis séu reknir millilandaflugvellir:

Flugráð áréttar mikilvægi þess að hérlandis séu reknir áfram núverandi fjórir millilandaflugvellir og þeir myndi eina rekstrarlega heild. Þeir uppfylli þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til flugvalla í millilandaflugi, geti verið varaflugvellir fyrir flug til og frá landinu og séu miðaðir við að geta þjónað flutningaflugi með þotum.

Flugráð telur mikilvægt að hugað sé að því að unnt sé að fljúga einstök millilandaflug til og frá landinu frá stöðum eins og Hornafirði, Ísafirði og Vestmannaeyjum. Athugað hvort það verði ekki best gert með því að vinna að því að færa flugvöllina á þessum stöðum úr flokki lendingarstaða í flugvelli í flokki II sbr. Reglugerð nr. 464/2007 og sértækar flugverndarráðstafanir verði viðhafðar í tengslum við hvert millilandaflug. Ekki verði ráðist að svo stöddu í verulegar breytingar á brautum eða búnaði á flugvöllum heldur verði flug þangað eðlilega takmarkað við loftför sem nú þegar geta athafnað sig á þeim.

Flugráð telur að með þessu geti öryggi í flugi aukist t.d. fyrir minni loftför og fis sem fljúga hér um á milli landa og ýmis konar verkflug. Flugvellirnir gætu einnig þjónað sérhæfðu flutningaflugi t.d. til Grænlands.

Flugráð mun hins vegar fylgjast með þróun þessara mála og lokar ekki á neina möguleika skapist þau skilyrði í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni sem kalla á frekari endurbætur á tilteknum flugvöllum.

3.3 Á 1543. fundi flugráðs 18. nóvember 2008.

Flugráð samþykkti eftirfarandi ályktun um rekstur og fjárhagsstöðu Flugmálastjórnar Íslands:

Flugráð ræddi á fundi sínum í dag rekstur og fjárhagsstöðu Flugmálastjórnar Íslands. Auk þess sem rætt var um stöðu og horfur í íslenskum flugrekstri. Samkvæmt framkomnu fjárlagafrumvarpi og samkomulagi við samgönguráðuneytið um að ákveðnar leiðréttingar á því gangi eftir og rekstraáætlun stofnunarinnar fyrir næsta ár er ljóst að þrátt fyrir mikið aðhald og sparnað í rekstri, þá munu þjónustugjöld stofnunarinnar verða að hækka a.m.k. um 13.5%.

Flugmálastjórn starfar undir mjög ströngu og nákvæmu alþjóðlegu eftirliti, sem boðar að verði hert vegna erfiðari fjárhagsstöðu flugrekstrar á heimsvísu, en stofnunin hefur notið trausts samkvæmt reglubundnum úttektum, sem mikilvægt er að varðveita.

Flugrekstur gegnir lykilhlutverki í samgöngum og ferðaþjónustu á Íslandi, sem miklu skiptir að standist erfiða tíma. Flugreksturinn á nú þegar við umtalsverðan samdrátt í flutningum að stríða og hefur gripið til aðgerða til að mæta áföllum. Því eru takmörk sett fyrir hve mikið flugreksturinn getur á sig tekið í verulegri hækkun þjónustugjalda.

Flugráð telur brýnt að þessi sjónarmið verði höfð til hliðsjónar við fjárlagagerð fyrir árið 2009. Það er í samræmi við bréf fjármálaráðuneytisins til ráðuneyta þann 17. nóvember s.l. en þar segir að „við yfirferð á ýmsum verkefnum framlögum verði miðað við að halda eftir þeim sem ganga til að fjármagna starfsemi sem styður beint við verðmætasköpun og útflutning“.

Þá vill flugráð vekja athygli á sóknarfærum sem Flugmálastjórn kynni að bjóðast með þátttöku í eftirlitsstarfi og öðrum verkefnum á vegum alþjóðlegra stofnanna, sem styrkir stofnunina fjárhagslega og faglega. Stórum uppbyggingarverkefnum á vegum Flugmálastjórnar í Kosovo, sem nýlega lauk, er til vitnisburðar um farsæla útrás.

3.4 Á 1546. fundi flugráðs 25. mars 2009

Bókun vegna tilskipunar ESB um losunarheimildir CO₂.

Flugráð ítrekar og telur afar brýnt að reynt verði til þrautar að ná fram undanþágum á grundvelli tillagna sem stýrihópur um losunarheimildir í flugi lagði fram í minnisblaði til samgönguráðherra 9. september 2008 að viðbættri tillögu um undanþágu vegna millilendingar á Íslandi í flugi yfir Evrópu vegna tæknilegra ástæðna.

Í stýrihópnum voru fulltrúar samgönguráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Flugmálastjórnar Íslands.

Mikilvægt er að samningsmarkmiðin liggi skýr fyrir hið fyrsta og þar verði í forgangi krafan um að íslenskt innanlandsflug verði undanþegið kerfinu.

Ljóst er að gildistaka tilskipunarinnar er eftir 9 mánuði þegar flugrekendur hefja söfnun reynslu sem gefur aðgang að takmörkuðum sjóði ókeypis heimilda. Hætt er við, að samningsstaðan gagnvart ESB veikist ef tíminn er ekki nýttur vel og íslenskum kröfum um undanþágur verði vísað frá eða ná ekki fram vegna tímaþrots.

Flugráð mælist til að geta fylgst með framvindu málsins og samningaviðræðum við ESB.

3.5 Á 1547. fundi flugráðs 02. apríl 2009

Bókun flugráðs um “Verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009-2012”.

Flugráð hefur á fundi sínum 2. apríl 2009 fjallað um “Verkefnastofn um flugöryggi-flugöryggisáætlun 2009-2012”. Ástríður S. Thorsteinsson, formaður stýrihópsins sem vann verkið, gerði grein fyrir áætluninni á fundinum.

Flugráð telur verkefnastofninn til vitnis um, að öryggi í flugi er sístætt forgangsmál og þar verður að standa að verkum eins og best verður á kosið. Í verkefnastofninum koma fram tillögur sem gætu bætt öryggi, eftirlit og þjónustu enn frekar í flugstarfsemi. Mikilvægt er að reglur séu skýrar, hlutverk og ábyrgð viðkomandi aðila afmörkuð og skilvirkni með gegnsæi höfð að leiðarljósi. Þar gildir að samstarf með hinum mörgu aðilum sem að flugöryggi koma sé klárt og traust. Hins vegar hljóta öryggismál í flugi fyrst og fremst að byggjast á alþjóðlegum kröfum og reglum og þar með þeirri aðferðafræði sem þar er viðhöfð. Þar með er byggt á þeim grunni sem best hefur reynst og notið trausts samkvæmt alþjóðlegu eftirliti. Þar gegnir Flugmálastjórn lykilhlutverki og varast ber að færa fé frá þeim málaflokki yfir til verkefna tengt verkefnastofni. Þó verður að gæta vel að sérstökum aðstæðum innanlands eins og gert er í fyrirbyggjandi verkefnisstofni og mikilvægt ef unnt er að koma vel skilgreindum verkefnum í farveg og tryggja þeim fjármögnun á þessu ári. Flugráð tekur undir þörfina á að heildstæð stefna til næstu ára verði mótuð í flugmálum á breiðum grundvelli.

4.0 Dagskrárliðir á 1533. – 1548. fundum flugráðs

Í upphafi hvers fundar er fundargerð síðasta fundar á undan lögð fyrir, þá koma mismargir dagskrárliðir og lýkur fundi á dagskrárliðnum “önnur mál”. Á síðustu 16. fundum flugráðs hefur eftirfarandi verið á dagskrá:

4.1 1533. fundur flugráðs, 10. október 2007.

- Ávarp samgönguráðherra.
- Kynning á flugmálastjórn Íslands.
- Hlutverk og störf flugráðs.
- Reglugerðir ESB tengdar flugmálum:
 - a) Drög að Reglugerð um sveigjanlega notkun loftrýmis.
 - b) Drög að Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. Nr. 612/2005.
 - c) Drög að Reglugerð um skipulag og samsetningu kærunefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu.
 - d) Drög að Reglugerð um breytingu á reglugerð um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði. Nr. 206/2007.

e) Drög að Reglugerð um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á.

- Drög að frumvarpi um Keflavíkurflugvöll (eingöngu lagt fram).

4.2 1534. fundur flugráðs 17. október 2007.

- Drög að frumvarpi um Keflavíkurflugvöll
- Viðauki við samgönguáætlun

4.3 1535. fundur flugráðs 19. nóvember 2007.

- Flugöryggismál á Keflavíkurflugvelli.
- EU-OPS / Flug og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.
- Væntanleg reglugerð ESB um útblásturskerfi í flugi.
- Drög að reglugerð um flugráð.

4.4 1536. fundur flugráðs 20. desember 2007.

- Viðbrögð við áætlun ESB um útstreymi gróðurhúsalofttegunda í flugi.
- Framkvæmdir á flugvöllum á Íslandi árið 2007.
- Tillögur að breytingu á gjaldskrá Flugmálastjórnar Íslands.

4.5 1537. fundur flugráðs 5. febrúar 2008.

- Greinagerð Flugstoða um alþjóðaflugvelli.
- Útblásturskvóti í flugi.
- Réttindi flugfarþega.

4.6 1538. fundur flugráðs 26. mars 2008.

- Reykjavíkurflugvöllur.
- Keflavíkurflugvöllur.
- Alþjóðaflug á landsbyggðinni.
- Ársreikningur Flugmálastjórnar Íslands fyrir 2007.

4.7 1539. fundur flugráðs 6. maí 2008.

- Frumvarp til laga um Keflavíkurflugvöll.
- Útblástur í flugi.
- Reglugerð um flug- vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.
- Reglugerð um réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra einstaklinga sem ferðast með flugi.
- Breytingar á Joint Finance Agreement samningi um greiðslur fyrir flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi.

- Samgönguráð, samgöngur og byggðapróun, kynningarfundur 17. apríl 2008.

4.8 1540. fundur flugráðs 22. maí 2008.

- Skýrsla stýrihóps um útblásturskvóta

4.9 1541. fundur flugráðs 23. september 2008.

- Starfsskilyrði í flugi, eldsneytisverð, aukin kostnaðarþátttaka farþega, útrásin, framtíðarhorfur flugs á/til/frá Íslandi.
- Skýrsla um útblásturskvóta.
- Samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli.
- Fjármál Flugmálastjórnar Íslands.

4.10 1542. fundur flugráðs 4. nóvember 2008 haldinn á Akureyrarflugvelli.

- Framkvæmdir og rekstur flugvalla Flugstoða ohf. á landsbyggðinni.
- Afhending Flugmálastjórnar Íslands á flugvallarskírteini flugvallarins í Pristína.
- Tillaga að breytingum á lögum um loftferðir.

4.11 1543. fundur flugráðs 18. nóvember 2008.

- Keflavíkurflugvölur. Staðan 1. janúar 2009.
- Staða og horfur í íslenskum flugmálum.
- Verkefni og rekstur Flugmálastjórnar Íslands – gjaldskrárbreytingar.

4.12 1544. fundur flugráðs 18. desember 2008.

- Staða flugs í Evrópu.
- Viðræður samgönguráðherra og flugráðs.
 - a) Samgöngumiðstöð í Reykjavík.
 - b) Málefni Keflavíkurflugvallar.
 - c) Framkvæmdir á flugvöllum.
 - d) Fjárhagsstaða Flugstoða ohf og Flugmálastjórnar Íslands.
 - e) Tilskipum ESB um útblástur CO₂ í flugi.

4.13 1545. fundur flugráðs 17. febrúar 2009 haldinn á Keflavíkurflugvelli.

- Rekstur og staða Keflavíkurflugvallar ohf.
- Örstutt um rekstur Flugmálastjórnar Íslands árið 2009.

4.14 1546. fundur flugráðs 25. mars 2009.

- Útblástursheimildir í flugi – Samningsmarkmið Íslands
- Flugstoðir ohf., - stjórn, staða og rekstur
- Heimsókn flugráðs til Keflavíkurflugvallar ohf. 17. febrúar 2009
- Flugmálastjórn Íslands – Til upplýsinga

4.15 1547. fundur flugráðs 02. apríl 2009.

- Til umsagnar: Drög að frumvarpi tillaga um rannsókn samgönguslysa.
- Til umsagnar: Reglugerð um breytingu á ýmsum reglugerðum um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands o.fl.
- Til umsagnar: Tillaga stýrihóps um verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009 – 2010.

4.16 1548. fundur flugráðs 28. apríl 2009.

- Til umsagnar: Drög að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa
- Yfirlit yfir áherslur og störf flugráðs
- Rekstrarumhverfi íslenskra flugrekenda